Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Yfirfarið
02. maí 2017
Byggingarfulltrúi



HITAKERFI

Allt efni, lögn, prófun og frágangur skal vera samkvæmt ákvæðum staðals ÍST 69 og reglugerð um hitalagnir í viðkomandi sveitafélagi.

PÍPUR OG TENGISTYKKI:

Allar pípur í hitakerfi ofna skulu vera venjulegar svartar pípur skv. DIN 2440. Efnisgæði skulu vera St. 33-2 skv. DIN 17100. Tengistykki skulu vera af sömu gæðum.

EINANGRUN:

Nota skal glerullarhólka af viðurkenndri gerð. Einangrunarhólka skal vefja með plaststrimli með hæfilegri skörun og líma samskeyti vandlega saman.

Einangrunarþykkt skal vera sem hér segir:

Pípuþvermál ≤ 20mm	Einangrunarþykkt = 20mm
Pípuþvermál 25-50mm	Einangrunarþykkt = 30mm
Pípuþvermál ≥ 65mm	Einangrunarþykkt = 40mm

Eftir þrýstiprófun skal einangra og ganga frá öllum samskeytum, greinum og beygjum á sama hátt.

OFNAR:

Ofnar skulu vera í samræmi við ÍST 69.1.

Ofnar eru Runtal ofnar eða sambærilegir. Þess skal gætt að lengd og hæð ofna sé sem næst þeim hámarksmálum, sem uppgefin eru í ofnaskrá.

Uppgefin varmagjöf ofna miðar við hitafall vatns frá 80°C niður í 40°C.

Allir ofnar skulu hengdir á órugg vegghengi eða standa á stólum og skal frágangur þeirra gerður í samráði við verkkaupa. Athuga skal vel að ofnar séu rétt staðsettir.

Á hverjum ofni skal vera stillité, loftskrúfa og sjálfvirkur ofnloki. Gerð og staðsetning ofnloka kemur fram á rúmmyndum.

Verktaki skal stilla rennsli milli ofna á stillitéum, þannig að allir ofnar hitni jafn vel, svo og alla stilliloka til þrýstingsjöfnunnar milli greina.

PÍPUUPPHENGI OG FESTINGAR:

Allar pípur í hitakerfinu skulu hengjast upp eða festast þar sem þær liggja.
Mesta fjarlægð milli upphengja má vera 2 metrar undir loftum en 1 meter á vegg.
Hengja skal pípurnar upp með sérstökum pípuupphengjum af Mefa gerð (Mefa Rohrshelle) eða öðrum upphengjum af samsvarandi gerð.
Öll upphengi skulu hafa gúmmífóðringar næst pípu.
Þar sem pípur í neysluvatns- og hitakerfi liggja samsíða skulu þær settar á sameiginlegar rólur.
Festur koma þar sem sýnt er á teikningum.

MÁLUN PÍPA:

Allar pípur í hitakerfinu skal mála með ryðvarnarmálningu, t.d. Oxyd menjumálningu eða með asfaltmálningu eins og reglugerð segir til um.

Allar sýnilegar óeinangraðar pípur skulu málast í þeim litum sem verkkaupi ákveður.

ÞRÝSTIPRÓFUN LAGNA:

Ofnakerfi skal þrýstiprófa með 6 kg/cm² vatnsþrýstingi áður en samskeyti eru einangruð og skal þrýstingur standa í 24 klst. án þess að falla. Athuga skal hvort smit sjáist á samskeytum.
Eftir að hitakerfi hefur verið þrýstiprófað og stillt, skal það skolað vandlega út.

Gólfhitakerfi skal þrýstiþrófa með 4 kg/cm² vatnsþrýstingi áður en það er steypt inn og skal þrýstingurinn standa í 24 klst. án þess að falla. Engin samskeyti mega vera á innsteyptri lögn.
Sé um leka að ræða skal verktaki gera við leka og endurtaka prófunina á sinn kostnað. Við ofangreinda prófun skal eftirlitsmaður verkkaupa kallaður á vettvang í byrjun og við lok prófunarinnar og skal hann taka verkið út og samþykkja prófunina. Verktaka ber að sjá um úttekt byggingarfulltrúa á prófunum þessum.

GÓLFHITAKERFI ER BYGGT UPP MEÐ SLAUFUM SEM TENGJAST DEILIKISTU.
LAGNAEFNI SKAL VERA Ø20x2 PEX PLASTLAGNIR MEÐ SÚREFNISÞÉTTRI KÁPU. GÓLFHITALAGNIR KOMA ALMENNT MEÐ 100-200mm MILLIBILI NEMA ÞAR SEM ANNAÐ ER SÝNT.

GÓLFHITA ER STÝRT MEÐ LOFTHITASTÝRÐUM HITANEMUM. HITANEMA SKAL KOMIÐ FYRIR Á INNVEGG Í 1500mm HÆÐ FRÁ GÓLFI, T.D. OFAN VIÐ LJÓSAROFA.

TAFLA YFIR GÓLFGEISLA, FRAMRÁSARHITI 42°C

SLAUFA NR.	LÁMARKS AFKÖST W	MESTA LENGD M	STAÐSETNING	ATHUGASEMDIR
1	450	25	Anddyri	
2	1.224	68	STOFA	
3	1.700	100	Herbergi	
4	900	50	Baðherbergi	
5	1.116	62	STOFA	
6	1.330	95	Herbergi	
7	1.700	100	Herbergi	
8	918	51	Baðherbergi	
9	1.116	62	Herbergi	
Samtals:	10.454			



OFNATAFLA dT = 40°C

VERK:

OFN	LENGD MEST (MM)	HÆÐ MEST (MM)	TENG. A C B D	LOKI	STILL.	AFKÖST MINNST (W)	ATHUGASEMDIR	VALINN OFN	AFKÖST (W)
1,01	1.600	600				1.740			

HEILDARAFKÖST: 1.740 W

R = SJÁLFVIRKUR VATNSHITASTÝRÐUR BAKRÁSARLOKI
T = SJÁLFVIRKUR LOFTHITASTÝRÐUR FRAMRÁSARLOKI
TF = SJÁLFVIRKUR LOFTHITASTÝRÐUR FRAMRÁSARLOKI MEÐ FJARNEMA
LOFTSKRÚFA, STILLITÉ OG SJÁLFVIRKUR LOKI SKV. OFNATÖFLU FYLGI HVERJUM OFNI

Verkfræðistofa Ívars Haukssonar ehf.
VÍH
Síðumúli 13, 108 Reykjavík
Sími: 695-4337
e-mail: ivar@vha.is
www.vha.is
Kennitala: 540212-2790

Hannað	Teiknað	Samþykkt:
I.H.	I.H.	Kennitala 110383-5339

SKÁLABREKKUGATA 12
BLÁSKÓGARBYGGÐ
LAGNIR
GRUNNMYND HITALAGNA
SKÝRINGAR, GÓLFHITA OG OFNA TAFLA

Mkv.	Teikn. nr.	Verk nr.
1:50	3-1.1	1111

Áritun samræmingarhönnuðar / hönnunarstjóra: | Útgáfa A | Dags. MARS´17

1472